

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulag fyrir klapparnámu í landi Bjarghúsa.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á 280. fundi sínum þann 9. febrúar 2017, deiliskipulag fyrir klapparnámu í landi Bjarghúsa, fyrrum Þverárhreppi. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 sem gerir ráð fyrir námunni á umræddum stað. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina umfang vinnslu og frágang Bjarghúsánámu, þar sem steinefni er framleitt í yfirlagnir klæðninga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 31. mars 2017.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2017